

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, mánudaginn 14. september var haldinn 43. fundur menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsinu, borgarráðssal og hófst hann kl. 13.30. Viðstöðð voru: Híálmur Sveinsson, Pawel Bartoszek, Elín Oddný Sigurðardóttir, Ellen Calmon, Jórunn Pála Jónasdóttir, Katrín Atladóttir og Baldur Borgþórsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Erling Jóhannesson áheyrnarfulltrúi BÍL, Huld Ingimarsdóttir skrifstofustjóri fjármála og rekstrar á menningar- og ferðamálasviði, Sif Gunnarsdóttir skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri hjá ÍTR sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 1. september 2020 um notkun fjarfundarbúnaðar og tveggja metra fjarlægðarreglu á fundum fagraða Reykjavíkurborgar.
2. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 27. júlí 2020 um tillögu mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um hvernig er hægt að koma í veg fyrir upplifun af fordómum á þjónustustofnunum eða starfsstöðum borgarinnar.
3. Fram fer kynning á sex mánaða uppgjöri menningar- og ferðamálasviðs.
4. Lögð fram tillaga að gjaldskrá menningar- og ferðamálasviðs vegna 2021. Samþykkt.

Fulltrúar í menningar-, íþróttá- og tómsundaráði leggja fram eftirfarandi bókun:

Vel hefur verið farið með fjármuni á sviðinu en brátt fyrir mikið tekiufall af völdum COVID-19 bá er rekstur sviðsins innan fjárhagsramma. Óskað er eftir því að fá kostnaðarmat á ólíkum leiðum til að bregðast við tekiufallinu, til dæmis með styttingu opnunartíma og mögulegri lokun einhverja daga vikunnar.

5. Lagt fram bréf sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs dags. 1. september 2020 vegna ráðningar í starf safnstjóra Listasafns Reykjavíkur. Samþykkt að framlengja samning við Ólöfu Kristínu Sigurðardóttur. Ráðið fagnar því að Ólöf Kristín Sigurðardóttir verði endurráðin í starf safnstjóra Listasafns Reykjavíkur. Starf hennar við safnið hefur verið ákaflega farsælt.
6. Fram fer kynning á hugmyndum að vinnu við endurskoðun á menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Samþykkt að skipa stýrihóp með einum fulltrúa Bandalags íslenskra listamanna, þremur fulltrúum menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs og einum fulltrúa menningar- og ferðamálasviðs vegna vinnu við gerð menningarstefnunnar. Híálmur Sveinsson, Ellen Calmon og Jórunn Pála Jónasdóttir verða fulltrúar ráðsins.
7. Fram fara kynningar á Listasafni Reykjavíkur, Borgarsögusafni og Borgarbókasafni. Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður, Ólöf Kristín Sigurðardóttir safnstjóri Listasafns Reykjavíkur og Guðbrandur Benediktsson safnstjóri Borgarsögusafns sitja fundinn undir þessum lið.
8. Fram fer kynning á Grófarhúsi. Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður situr fundinn undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 16:05.

Híálmur Sveinsson

Pawel Bartoszek
Elín Oddný Sigurðardóttir
Baldur Borgþórsson

Ellen Calmon
Katrín Atladóttir
Jórunn Pála Jónasdóttir